




Skýrsla bankaráðs

LANDSBANKINN HF | KT. 471008-0280 | LANDSBANKINN.IS

24. mars 2021



Aðalfundur Landsbankans 24. mars 2021

Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs

Skýrsla bankaráðs

Annað árið í röð er þessi fundur haldinn í skugga COVID og er því fjarfundur. Fyrir um ári síðan þurftum við að fresta aðalfundi þar sem fyrsta bylgja faraldursins var að ná hámarki. Við drógum til baka arðgreiðslutillögu og settum okkur í stellingar fyrir samdrátt og óvissu. Núna, akkúrat á þessum aðalfundardegi virðist fjórða bylgja faraldursins vera skollin á og yfirvöld hafa þegar boðað hertar sóttvarnaraðgerðir. Þannig að óvissan heldur áfram á meðan jörð skelfur og tilkomumikið eldgos gýs á Reykjanesi.

Betri staða en reiknað var með

Öll þekkjum við hvernig kórónuveirufaraldurinn hefur breiðst út um heimsbyggðina. Hér á landi hafa hagrænu áhrifin af faraldrinum verið sérstaklega mikil því harðar sóttvarnaraðgerðir sem stjórnvöld í flestum ríkjum hafa gripið til hafa bitnað harkalega á ferðaþjónustunni, einni mikilvægustu útflutningsgrein landsins. Samdrátturinn í efnahagslífinu varð þó töluvert minni en spár gerðu ráð fyrir. Samkvæmt þjóðhagsreikningum nam samdráttur á síðasta ári um 6,6% sem er næst mesti efnahagssamdráttur frá lokum seinni heimsstyrjaldar. Áhrifin eru þó meiri en þessu nemur því á árinu 2020 var útlit fyrir að landsframleiðsla myndi aukast um á bilinu 1-3%. Það má því ætla að heildaráhrif faraldursins á landsframleiðsluna séu neikvæð um 250-300 milljarða króna. Höggið hefði þó orðið mun þyngra ef ekki væri fyrir öflugar aðgerðir stjórnvalda og eiga ríkisstjórn Íslands, Alþingi, Seðlabanki Íslands og heilbrigðisyfirvöld hrós skilið fyrir skjót og fumlaus viðbrögð.

Frá því að faraldurinn skall á hefur Landsbankinn lagt mikla áherslu á að styðja við viðskiptavinum sem lentu í erfiðleikum. Það gerðum við m.a. með því að bjóða tímabundna greiðslufresti, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki, og með því að veita ráðgjöf og vinna með fyrirtækjum og einstaklingum að því að leita að lausnum á vandanum. Það munum við gera áfram. Aðstæður og staða hvers viðskiptavinar eru ólíkar og sama lausnin hentar ekki öllum. Við gerum okkur grein fyrir því að áhrifa faraldursins muni gæta fram á næsta ár en sem betur fer gengur vel hjá mörgum, bæði einstaklingum og fyrirtækjum. Þess vegna er mikilvægt að við getum, þegar þörf krefur og aðstæður leyfa, horft til lengri tíma með viðskiptavinum okkar.

Fyrir utan áhrif faraldursins á heilsu fólks eru alvarlegustu afleiðingar hans stóraukið atvinnuleysi og það er mikilvægt að okkur takist sem fyrst að ráða bót á því. Til þess erum við í góðri stöðu og betri en flestar aðrar þjóðir. Ferðaþjónustan mun ná sér aftur á strik því þegar ferðavilji og frelsi til ferðalaga eykst er ég sannfærð um að Ísland verður ofarlega í hugum margra.

Afkoma Landsbankans á árinu 2020

Við þær efnahagslegu aðstæður sem ríkt hafa á Íslandi telst afkoma Landsbankans á árinu 2020 vera ásættanleg. Á fyrri hluta árs versnuðu efnahagshorfur mikið og við það hækkaði framlag í virðisrýrnunarsjóð umtalsvert vegna aukins vænts útlánataps. Þessar háu varúðarfærslur, sem byggðu á varfærnu mati bankans á efnahagsþróun, voru ein helsta skýringin á því að á fyrstu níu mánuðum ársins var hagnaður bankans einungis um 699 milljónir króna, sem jafngildir um 0,4% arðsemi eiginfjár á ársgrundvelli. Eftir því sem leið á árið kom í ljós að neikvæð áhrif af efnahagsástandinu voru minni en áætlað var, sérstaklega fyrir einstaklinga og fyrir fyrirtæki utan ferðaþjónustu, og höfðu aðgerðir stjórnvalda og fréttir af bóluþefnum mikið um það að segja. Í ljósi þessa dró aðeins úr væntu útlánatapi með samsvarandi lækkun á virðisrýrnunarsjóði bankans. Þá gekk reksturinn að öðru leyti vel, ekki síst á fjórða ársfjórðungi. Niðurstaðan er sú að hagnaður bankans á árinu 2020 var 10,5 milljarðar króna, þrátt fyrir neikvæða virðisrýrnun og varúðarfærslur sem nema um 12 milljörðum króna. Arðsemi eiginfjár á árinu 2020 eftir skatta var 4,3% samanborið við 7,5% árið 2019 og hlutfall kostnaðar af tekjum var 47,4%, sem er nálægt 45% markmiði bankans.

Langtímamarkmið bankans er að skila 10% arðsemi á eigið fé, að teknu tilliti til áhrifa af bankaskatti. Þetta markmið náðist ekki á árinu 2020 og ekki má reikna með að bankinn nái markmiðinu á þessu ári. Við höldum engu að síður fast við stefnu okkar og ætlum að ná settu marki innan nokkurra ára. Áfram er mikil áhersla lögð á að halda rekstrarkostnaði í skefjum og skilvirkni í rekstri bankans hefur aukist jafnt og þétt. Efnahagur Landsbankans er enn sem fyrr afar traustur.

Meðal viðbragða stjórnvalda við Covid-19-faraldrinum var að lækka bankaskatt sem varð til þess að við gátum lækkað vexti til viðskiptavina. Lækkun bankaskatts var gott skref en skatturinn, sem lagður er á heildarskuldir fjármálafyrirtækja, er engu að síður hærri en í öðrum ríkjum sem við berum okkur saman við. Skattlagning sem þessi dregur úr samkeppnishæfni fjármálakerfisins og bitnar á kjörum til viðskiptavina. Hið sama má segja um takmarkanir á samvinnu um uppbyggingu grunninnviða fjármálaþjónustu. Sem betur fer hefur skilningur á mikilvægi slíkrar samvinnu aukist. Í mínum huga er ljóst að samvinna um ákveðna grunnþætti, sem ekki bitnar á samkeppni, leiðir til aukinnar skilvirkni, minni kostnaðar og betri kjara. Ég leyfi mér að nefna samvinnu um sameiginlegt seðlaver stóru bankanna þriggja og samvinnu innan vébanda RB sem dæmi um vel heppnuð verkefni sem hafa ekki dregið úr samkeppni heldur stuðlað að hagkvæmari rekstri.

Styður við uppbyggingu íbúðarhúsnaðis

Vaxtalækkanir Seðlabankans hafa óhjákvæmilega sett þrýsting á vaxtamun bankans og lágt vaxtastig mun gera það áfram. Lækkun vaxta kemur sér sérstaklega vel fyrir þau sem eru að kaupa sitt fyrsta heimili og gerir fólki einnig kleift að endurfjármagna eldri lán á betri kjörum. Í þessum eignum er Landsbankinn í forystu, bæði með því að bjóða mjög samkeppnishæf kjör á íbúðalánum og með því að sjá til þess að lántökuferlið sé einfalt og taki ekki óþarflega langan tíma. Góð kjör og framúrskarandi þjónusta urðu til þess að á síðasta ári jókst markaðshlutdeild Landsbankans í íbúðalánum úr 22% í 26,3%. Á sama tíma jókst virði íbúðalánasafns bankans um 126 milljarða króna, eða um 32%, að langmestu leyti í óverðtryggðum útlánum. Aðgangur að hagstæðum íbúðalánum fyrir einstaklinga styður við byggingariðnaðinn, frekari uppbyggingu íbúðarhúsnaðis og þar með atvinnustigið í landinu.

Landsbanki nýrra tíma

Frá árinu 2017 hefur stafræn þróun verið í brennidepli hjá bankanum og fjölmargar nýjar lausnir litið dagsins ljós. Um leið hefur náðst mikill árangur við hagræðingu í rekstri bankans. Árangur undanfarinna ára er gott veganesti inn í framtíðina sem mun án efa einkennast af harðnandi samkeppni, jafnt frá innlendum sem erlendum keppinautum. Í þeim eignum mun bankinn hvergi gefa eftir og halda áfram að bjóða framúrskarandi þjónustu, hvort sem er með stafrænum lausnum eða persónulegri þjónustu og ráðgjöf. Okkur þykir vænt um að ánægja með þjónustuna mælist mikil, eins og sést meðal annars á því að Landsbankinn mældist efstur banka í Íslensku ánægjuvöginni 2020, annað árið í röð. Við erum afar stolt af þeim árangri.

Á árinu 2020 setti bankinn sér nýja stefnu undir yfirskriftinni Landsbanki nýrra tíma. Bankaráð tók þátt í að móta stefnuna ásamt öllu starfsfólki bankans, á fundum, í vinnuhópum og með samtölum við viðskiptavinum. Landsbankinn hefur þrútt fyrir ótal áskoranir og krefjandi ytri aðstæður sýnt að viðskiptavinir bankans eru ávallt í forgrunni og með skapandi hugsun og metnaðarfullum lausnum hefur bankanum tekist að styrkja forystuhlutverk sitt á markaði enn frekar. Nýja stefnan mun gera bankanum kleift að veita enn betri þjónustu, vera leiðandi á tímum örta breytinga og vera áfram öflugasta fjármála fyrirtæki landsins. Undirstaða nýrrar stefnu er traust og við tökum okkar hlutverk í samfélaginu alvarlega.

Á sama tíma og við kynntum nýja stefnu var greint frá breytingum á stjórnskipulagi bankans sem styðja við þá áherslu að einfalda viðskiptavinum lífið, ásamt því að skapa aukin tækifæri til samvinnu innan bankans. Svið bankans eru áfram sex: Einstaklingar, Fyrirtæki, Eignastýring og miðlun, Fjármál og rekstur, Áhættustýring og Upplýsingatækni. Aðrar deildir sem vinna þvert á bankann starfa beint undir bankastjóra í tveimur hópum, annars vegar undir samheitinu Samfélag en því tilheyrta Mannauður, Markaðsmál og samskipti og Hagfræðideild, og hins vegar Regluvarsla og Lögfræðisþjónusta.

Mikil tækifæri í sjálfbærri fjármögnun

Við höfum lengi verið í forystu á sviði sjálfbærni, samfélagsábyrgðar og ábyrgra fjárfestinga og munum áfram leggja ríka áherslu þar á því tækifærin fyrir bankann eru mörg. Á árinu 2020 var unnið markvisst að útgáfu fyrstu sjálfbæru fjármálaumgjörðar bankans sem var gefin út í lok janúar á þessu ári. Í kjölfarið réðst bankinn í útgáfu á nýjum grænum skuldabréfaflokki að fjárhæð 300 milljónir evra. Útgáfan heppnaðist afar vel og heildareftirspurn nam um einum milljarði evra. Vextirnir voru með þeim lægstu sem bankinn hefur fjármagnað sig á og álagið með því lægsta sem við höfum fengið á erlenda skuldabréfaútgáfu. Það eru afar góð tíðindi fyrir Landsbankann og íslenskt efnahagslíf.

Fjármögnun bankans er fjölbreytt en að stærstum hluta byggir hún á innlánnum frá viðskiptavinum sem jukust um 86 milljarða króna á árinu. Erlend útgáfa skuldabréfa gekk vel og kjörin sem bankanum buðust við útgáfu í byrjun árs 2020 voru góð. Á innlendum markaði var bankinn virkur útgefandi sértryggðra skuldabréfa. Nú í janúar 2021 náðist mikilvægur áfangi þegar alþjóðlega lánshæfisfyrirtækið S&P Global Ratings birti lánshæfismat fyrir sértryggð skuldabréf bankans og var þetta í fyrsta sinn sem alþjóðlegt matsfyrirtæki gefur út lánshæfiseinkunn fyrir sértryggð skuldabréf íslensks banka.

Framkvæmdir ganga vel

Framkvæmdir við nýtt hús Landsbankans við Austurhöfn í Reykjavík ganga samkvæmt áætlun og er gert ráð fyrir að flytja starfsemi bankans þangað á seinni hluta ársins 2022. Bankinn hyggst nýta um 60% af húsinu en selja eða leigja frá sér um 40%. Mikil hagræðing mun skapast með flutningum í húsið og vinnuástanda starfsfólks mun taka stakkaskiptum. Byggingin mun auk þess verða miðborginni til sóma sem aðgengilegt og aðlaðandi rými fyrir almenning sem tengist nágrenninu með góðum göngu-leiðum. Húsið verður umhverfisvottað samkvæmt alþjóðlega BREEAM-staðlinum sem snýr m.a. að umhverfisstjórnun á byggingar- og rekstartíma, góðri orkunýtingu og vatnssparnaði, vali á umhverfisvænum byggingarefnum og lágmörkun ýmiskonar mengunar meðan á byggingartíma stendur.

Greiði um 43% hagnaðar í arð

Á aðalfundi bankans í apríl 2020, sem haldinn var í skugga fyrstu bylgju faraldursins, var ákveðið að draga til baka tillögu um arðgreiðslu og greiða ekki út arð til hluthafa vegna ársins 2019. Þetta var gert í ljósi þeirra miklu efnahagslegu óvissu sem þá ríkti. Þrátt fyrir að óvissan sé enn mikil, þá hefur hún minnkað verulega. Þá er efnahagslegur styrkur bankans mikill og reksturinn traustur. Bankaráð telur því rétt að leggja til við aðalfund að Landsbankinn greiði arð til hluthafa sem nemur 0,19 krónum á hlut vegna rekstrarársins 2020. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er 4.489 milljónir króna, eða sem samsvarar 43% af hagnaði samstæðu Landsbankans á árinu 2020. Verði tillagan samþykkt munu heildararðgreiðslur bankans á árunum 2013-2021 nema um 146 milljörðum króna.

Ein breyting varð á bankaráði Landsbankans á árinu 2020 með afsögn Hersis Sigurgeirssonar en hann hafði tekið að sér störf fyrir Seðlabanka Íslands sem hann taldi ekki samrýmast setu í bankaráði. Þá er ljóst að tveir aðrir félagar mínir úr bankaráði munu hætta störfum á þessum aðalfundi, þau Einar Þór Bjarnason og Sigríður Benediktsdóttir. Það er mikil eftirsjá af þessum hæfu einstaklingum og fyrir hönd bankaráðs þakka ég þeim innilega fyrir afar skemmtilegt og árangursríkt samstarf á undanförunum árum.

Þá vil ég einnig fyrir hönd bankaráðs Landsbankans þakka Lilju Björk Einarsdóttur, bankastjóra, stjórnendum og öllu starfsfólki Landsbankans fyrir afar árangursríkt og gefandi samstarf á umliðnu ári. Ég þakka jafnframt hluthöfum, viðskiptavinum, eftirlitsaðilum og öðrum samstarfsaðilum fyrir gott samstarf og samskipti á árinu.